



Alþingi  
Erindi nr. P 138/1386  
komudagur 25.138/1386

## UMBOÐSMAÐUR BARNA

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 23. mars 2010


**Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum.**

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, dags. þann 10. mars 2010, þar sem óskað er eftir umsögn umboðsmanns barna um ofangreint frumvarp.

Í frumvarpinu er lagt til að einstæðar maður sem eignast barn sem getið er við tækniþjóvgun og einstæðir foreldrar sem hafa ættleitt barn skuli öðlast rétt til níu mánaða fæðingarorlofs. Slík breyting myndi hafa það í för með sér að börn þessara foreldra gætu notið umönnunar foreldra sinna þremur mánuðum lengur en gert er ráð fyrir í núgildandi lögum.

Umboðsmaður barna telur nauðsynlegt að lög um fæðingar- og foreldraorlof endurspegli þann veruleika sem við búum við og viðurkenni mismunandi fjölskyldugerðir. Mikilvægt er að börnum sem eiga aðeins eitt foreldri sé tryggður sami réttur til að njóta umönnunar foreldris eftir fæðingu og öðrum börnum, enda ber aldrei að mismuna börnum eftir stöðu foreldra, sbr. 2. gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og 1. mgr. 65. gr. stjórnarskrárinnar. Umboðsmaður barna fagnar því ofangreindu frumvarpi.

Virðingarfyllst,

  
Margrét María Sigurðardóttir,  
umboðsmaður barna